



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1287  
komudagur 13.3.2006

Menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2006

**Efni: Umsögn um Þskj. 655 — 434. mál. frumvarp til æskulýðslaga.**

Í 10. grein frumvarps til laga um æskulýðslög er ritað:

IV. KAFLI  
Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi.

10. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa samkvæmt lögum þessum, hvort sem er hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum aðilum, einstaklinga sem hlotið hafa refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot [REDACTED]

Í Athugasemdum við lagafrumvarp þetta er ritað.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að óheimilt sé að ráða til starfa samkvæmt lögum þessum einstaklinga sem hlotið hafa refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot [REDACTED] Bent er á að bannið tekur til þeirra sem starfa að æskulýðsmálum, hvort sem starfsemin er á vegum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Fyrirmynd þessa bannákvæðis er að finna í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, hvað varðar brot gegn almennum hegningarlögum. [REDACTED]

Vegna bannákvæðis 3.

mgr. 10. gr. er gert ráð fyrir að umsækjendur um þau störf sem lög þessi taka til þurfi að leggja fram sakavottorð með umsókn sinni.

Félag Áfengisráðgjafa (FÁR) telur það mjög varhugavert að leggja að jöfnu kynferðisafbrot og brot á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni. Þarna er lagt að jöfnu að hafa framið kynferðisbrot, t.d. misnotað barn og það að hafa einhvern tíma haft undir höndum, ávana eða fíkniefni. Meirihluti þeirra sem brýtur lög um ávana og fíkniefni eru fíklar sem haldnir eru sjúkdómi. Mjög góður árangur er af meðferð þessara einstaklinga og von um bata er góð. Með því að útiloka alla þá sem einhvern tíman hafa gerst brotlegir við lög um ávana- og fíkniefni þá væri verið að útiloka mjög stóran hóp vímuefnasjúklinga (og annarra) sem náð hafa bata og hafa mikið til forvarna að leggja.

Vissulega gerum við okkur grein fyrir mikilvægi þess að til æskulýðsstarfa veljist hæft og vandað fólk en að okkar mati er full langt gengið með því að hafa lagagreinina óbreytta.

Einnig er ekki tekið fram í 10. grein það sem kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að meiningin sé gera greinarmun á þeim sem brjóta lögina sem neytendur eða innflutnings og/eða söluaðilar. Það er því okkar tillaga að 10 gr hljóði svo:

**10. gr**

***Þeir sem ráðnir eru til starfa samkvæmt lögum þessum, hvort sem er hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum aðilum skulu hafa hreint sakarvottorð og mega ekki hafa hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot.***

Með því að setja inn ákvæði um hreint sakarvottorð er þeim sem gerast brotlegir við lög um ávana- og fíkniefni gert kleyft að vinna við æskulýðsmál að því gefnu að þeir hafi tekið út sína refsingu og náð tókum á lífi sínu.

Með þessu móti gilda almenn fyrningarákvæði hegningarlaga og væri því ekki verið að setja inn íþyngjandi refsiakvæði í æskulýðslög.

Fh Félags Áfengisráðgjafa



Hjalti Björnsson, formaður  
[hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)